

AUGLÝSING

um friðland í Grunnafirði.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Grunnafjörð (Leirárvoga) í Skilmannahreppi og Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru sem hér segir: Til hins friðlýsta svæðis teljast allar fjörur og allt grunnsævi innan Hvítaness og Súlueyrar. Landmegin markast friðlandið af stórsstraumsflóðmörkum og til þess teljast auk þess allar eyjar og sker á firðinum.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Allt jarðrask á friðlandinu er óheimilt. Landeigendur mega þó nýta sand og möl úr firðinum á sama hátt og þeir hafa gert til þessa. Landeigendum er heimilt að verja lönd sín ágangi sjávar. Náttúruverndarráð getur, að fengnum tillögum umsjónarnefndar, sbr. 7. gr., heimilað framkvæmdir ef knýjandi ástæður eru til, enda stofni þær ekki gróðri og dýralífi svæðisins í hættu.
2. Óheimilt er að raska sjávarföllum í friðlandinu.
3. Gangandi og ríðandi fólki er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí eru heimsóknir í eyjar og sker, aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum nytjum, óheimilar.
4. Umferð vélknúinna ökutækja um friðlandið er því aðeins leyfileg að hún tengist eðlilegri nýtingu, sbr. lið 5.
5. Friðlandið má nýta á sama hátt og tíðkast hefur, þ.e. til beitar, dúntekju og veiða. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um nýtingu landsins í samráði við ábúendur.
6. Óheimilt er að skerða sjávar- og strandgróður innan friðlandsins.
7. Umsjón friðlandsins skal vera í höndum þriggja manna umsjónarnefndar. Skilmannahreppur tilnefnir einn nefndarmann, Leirár- og Melahreppur einn og Náttúruverndarráð einn og er sá formaður nefndarinnar. Skipunartími fulltrúa sveitarfélaganna skal vera sá sami og kjörtímabil þeirra. Skipunartími fulltrúa Náttúruverndarráðs er sá sami og kjörtímabil Náttúruverndarráðs.
8. Náttúruverndarráð getur, að fenginni umsögn umsjónarnefndar, veitt undanþágur frá ákvæðum friðlýsingar þessarar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Umhverfissráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfissráðuneytið, 30. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Sigurður Á. Þráinsson.

GRUNNAFJÖRÐUR

Leirárvogar



6. október 1994

Nr. 549

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið

1. að biðskylda verði á tengivegi við Blesugróf.
2. að bann verði við U-beygju á mótum Sæbrautar og Laugarnesvegur úr vestri í vestur.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. október 1994.

Böðvar Bragason.

Endurprentað